

Reglur um veitingu veðleyfa til ábúenda á ríkisjörðum á forræði landbúnaðarráðuneytisins

1. gr

Almennt heimild til veitingu veðlána

Ábúendum á ríkisjörðum á forræði landbúnaðarráðuneytisins er heimilt að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum sem tekin eru til varanlegra framkvæmda og annarra endurbóta á jörðinni.

Einnig er ábúendum heimilt að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum sem tekin eru til kaupa á bústofni og búvélum sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar á búinu, sbr. 15. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004.

2. gr.

Nánari skilyrði veðsetningar

Heimildir ábúanda til veðsetningar á ábúðarjörðum eru bundnar því skilyrði að heildarskuldir ábúanda sem tryggðar eru með veði í jörðinni nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til eignarhluta hans í ræktun og mannvirkjum á jörðinni.

Við mat á því hvort heildarskuldir ábúanda svari til eignarhluta hans í fasteignum á jörðinni, sbr. 1. mgr. skal miðað við áætlað úttektarmat eignanna samkvæmt útreikningum landbúnaðarráðuneytisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita veðleyfi til ábúanda þó skuldir ábúanda nema hærri fjárhæð en sem svarar eign hans í ræktun og mannvirkjum á jörðinni, ef fyrir liggur greiðslumat frá Hagþjónustu landbúnaðarins sem sýni að rekstrartekjur af landbúnaðarstarfsemi ábúandans standi undir afborgunum af heildarskuldum hans að teknu tillit til framfærslukostnaðar og annarra fjárskuldbindinga.

3. gr.

Veðleyfi til bústofnskaupa frumbýlinga

Ef um bústofnskaup frumbýlinga er heimilt að veita veðleyfi án þess að skilyrði 1. mgr. 2. gr. séu uppfyllt. Í slíkum tilvikum er heimilt að veita skilyrt veðleyfi einu sinni við upphaf búskapar á ábýlisjörð þó ábúandi eigi þar ekki eignir.

Veðheimild vegna láns til kaupa á bústofni getur hæst orðið kr. 2.000.000. Skal sú upphæð breytast miðað við byggingarvísitölu í desember 2004.

4. gr.

Veðlán til endurfjármögnunar

Heimilt er að veita ábúanda veðleyfi til endurfjármögnunar á eldri skuldum vegna framkvæmda á ábúðarjörð hans að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Ábúandi sýni fram á með úttekt byggingarfulltrúa eða með öðrum slíkum gögnum að hann hafi framkvæmt á jörðinni og eigi þar nú varanlegar framkvæmdir eða aðrar eignir sem uppfylla skilyrði 1. gr. þessara reglna.
- b) Ábúandi uppfylli að öðru leyti skilyrði reglna þessara um veðrými á ábúðarjörð hans.
- c) Ábúandi hafi farið í greiðslumat hjá Hagþjónustu landbúnaðarins sem sýni að rekstrartekjur af landbúnaðarstarfsemi hans standi undir afborgunum af heildarskuldum hans að teknu tillit til framfærslukostnaðar og annarra fjárskuldbindinga.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. desember 2004.